

# SMÁRI



**Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélaganna  
Loga og Smára  
2020**



## Ágrip

Starfsárið hófst á fundi í nóvember þar sem við nefndarmenn buðum fólki að koma til okkar í reiðhöllina okkar á Flúðum og kynnst dagskrá vetrarins. Sama kvöld buðum við upp á léttar veitingar og Klara Sveinbjörnsdóttir reiðkennari var með stutta sýnikennslu með hesti sem sló í gegn hjá börnum og fullorðnum.

Í sama mánuði var farið í haustferð í Sumarliðabæ og Hjarðarholt með viðkomu á Hvolsvelli.

Við ákváðum að bæta í reiðnámskeið og hafa eitt námskeið í mánuði yfir vetrartímann og hafa fleiri yfir sumarið og gæta þess að það yrði eitthvað í boði fyrir sem flesta.

Mótarröðin Æska Suðurlands var undirbúin en frestað vegna takmarkanna yfirvalda á samveru vegna Kórónuveirufaraldursins.

Veður var vont oft á tíðum og flæktist fyrir okkur þennan vetur og svo ástandið í samfélaginu gerði það að verkum að ýmsu var frestað eða hætt við viðburði sem voru á áætlun eins og heimsmeistaramótið í brokki og skokki sem hefur verið árlegur viðburður.

## **Í æskulýðsnefnd Loga og Smára 2020 sitja:**

Elin Moqvist                      Kristín Sigríður Magnúsdóttir

Arite Fricke                      Unnur Lís Schram

Helgi Kjartansson              Alvin Árnason Poulsen

Kathrina Andersen              Arna Þöll Sigmundsdóttir

Guðrún Erna Þórisdóttir

## **Reiðnámskeið**

Reiðhöllin var mikið notuð yfir veturinn fyrir æskulýðsstarfið og fleira.

Í janúar kenndi Rósa Birna Þorvaldssdóttir reiðkennari í fjögur skipti hóp af hressum krökkum. Aðaláherslan var á fimi og tölt. Áætlað hafði verið að á fyrsta móti Æsku Suðurlands yrði keppt í þeim greinum og var reynt að miða þessi mánaðaskiptu námskeið við keppnina fyrir þá sem

Það vildu. Auðvelt er að stýra því þar sem börnin læra í hópum með mismunandi áherslur hverju sinni. Rósa er góður kennari og lagði vel í reynslubanka krakkanna.

Í febrúar kenndi Klara Sveinbjörnsdóttir reiðkennari fjögur skipti fjórgang og smala með flottum árangri. Það var hægt að miða við reynslu hvers og eins og þátttaka var góð. Foreldrar og aðrir aðstandendur sem keyrðu börnin stöldruðu oft við og höfðu samskipti sem er mikilvægt til að efla félagsandann.



Í mars kenndi Anna Kristín Friðriksdóttir reiðkennari, hún náði að kenna tvö skipti áður en öllu var lokað vegna heimsfaraldursins en áætlað var að þau myndu ljúka námskeiði í fimmgangi og hindrunarstökki en þau fengu þó nasabefinn af því. Það er miður að ekki hafi verið hægt að klára en Anna Kristín er fær í sínu fagi og hefði verið gaman að geta verið meira með henni.

Það hafði verið áætlað að hafa síðan námskeið í fjögur skipti í apríl sem datt uppfyrir af sömu ástæðu og annað þetta ár.

Þátttaka var mjög góð á hverju vetrarnámskeiði. Um 13 krakkar voru með á aldrinum 7-14 ára. Það er mikill áhugi til staðar og ótrúlega mikið til af góðum hestum sem henta vel í verkefnin á svæðinu. Sumir deila kerrum og bílum og aðrir lána hesta eða reiðtygi sem er dýrmætt.



Í júní var haldið fimm daga námskeið frá mánudegi til föstudags fyrir byrjendur á Húsatóftum á Skeiðum, leiðbeinandi var Elin Moqvist. Innifalin voru reiðtygi og hestur. Fyrirkomulagið hentar vel fyrir fjölskyldur sem hafa ekki aðgang að hrossum, eru að byrja í sportinu eða langar að prófa. Færri komust að en vildu svo áhugi var augljóslega mikill. Á lokadeginum var boðið upp á pylsur og aðrar veitingar. Almenn ánægja var með þetta námskeið eins og undanfarin ár. Það hefur venjulega verið haldið í Apríl en það gekk vel að vera með það í byrjun júní.



15.-19.júní fór fram hefðbundið Hrísholtsnámskeið þar sem Klara Sveinbjörnsdóttir reiðkennari kenndi og var mæting góð eða 32 börn ásamt tveimur fullorðnum nemendum. Það var endað á reiðtúrum á föstudeginum þar sem foreldrar og aðrir aðstandendur voru velkomnir að ríða með og svo voru grillaðar pylsur í boði Laga. Þess má geta að yfir 100 manns mættu á lokadaginn. Það þurfti að hafa hesta með sér og í boði að geyma þá á staðnum yfir vikuna, boðið var upp á haga og hey þegar þess þurfti. Klara náði einstaklega vel til krakkanna og þarna hafa þau tækifæri til að prófa sig áfram í leik og taka allskyns krefjandi æfingar í fjölbreyttu umhverfi og kynnast hvert öðru. Kappreiðarnar voru vinsælastar og margir riðu á staðinn og/eða heim.

Í júlí var svo keppnisnámskeið fyrir þá krakka sem höfðu áhuga á því á Flúðum, kennari var Klara. Þetta voru fjögur skipti, eitt í viku. Krakkarnir sem tóku þátt kepptu öll í einhverjum



greinum á Gæðingamótinu á Flúðum sem var gaman að sjá og fór þeim heilmikið fram enda Gæðingamótið orðið mjög stórt og margir krakkar sem skráðu sig til leiks.

Í Hrísholti í Biskupstungum voru haldin fjögur byrjendanámskeið fyrir krakka og eitt fyrir fullorðna í sumar. Þau fóru fram í júní og júlí og hvert þeirra var í fimm daga í röð. Mæting var mjög góð eða um 60 krakkar og 12 fullorðnir. Leiðbeinandi var Kristín Sigríður Magnúsdóttir sem kom með hesta og reiðtygi. Þau voru dugleg að nota fallegt umhverfið á staðnum til æfinga, hesthúsið, vellina, vegina, gerðið og

girðinguna. Það var farið í marga reiðtúra og riðið að fossinum Faxe og á allskonar undirlagi til að efla öryggi og sjálfstæði. Farið í leiki, sungið og dansað og reynt að miða kennsluna við hvern hóp og hverja manneskju.

Það voru grillaðar pylsur í boði félagsins á föstudögunum og hlegið og haft gaman saman. Það vakti athygli að á öllum sumarnámskeiðum myndaðist svo falleg stemmning með heilu fjölskyldunum sem eyddu löngum stundum að fylgjast með krökkunum, hjálpa til eða bara að borða nesti og spjalla.

Það var almenn ánægja með námskeiðin en stærstur hluti þeirra sem mættu voru í hestamannafélaginu Loga, aðeins færri úr hestamannafélaginu Smára og nokkrir frá hestamannafélaginu Trausta. Það er ánægjulegt að sjá hvað samstarfið gengur vel og hvað fólk er duglegt að sækja viðburði milli sveitarfélaga.

Í ágúst bauð Hestamannafélagið Trausti okkur að vera með þeirra krökkum á námskeiði í Miðengi, virkilega vel boðið en það var ekki þátttaka frá okkur að þessu sinni en við erum afar þakklát góðu boði og tökum öllu samstarfi með opnum hug.



## **Hefðbundið móthald**

Móthald var stopult vegna covid-ástandsins en það var þó Gæðingamót á Flúðum þar sem margir krakkar kepptu. Síðan voru vetrarmót Smára haldin og einhver börn tóku þátt í keppnum eins og Reykjavíkurmeistaramóti og fleiri stórmótum á tímabilinu með mjög góðum árangri.

## **Vettvangsferð**

Við fórum af stað með stóra rútu sem fór um Reykholt, Flúðir og Brautarholt. Það komu um 50 manns með, meðþátta.

Haldið var í Sumarliðabæ og skoðuð glæsileg aðstaða þar. Reiðhöllin er þar stórglæsileg, algjört draumaland og gaman að hitta ábúendur, Ása Ljungberg og Ólaf. Þau tóku vel á móti okkur og

krakkarnir nutu þess að skoða úðarakerfið, tækin, hestanna og allt fallegt sem var að sjá. Sérlega snyrtilegt og vel frá gengið bú.

Næst var haldið í Hjarðartún til Klöru okkar, Arnhildar Helgadóttur og Hans Þórs Hilmarssonar starfsmanna þar. Það var tekið vel á móti okkur, farið í leiki bæði með kennurum og með hundinum Verði. Síðan sýndu þau okkur hestafjölskyldu, stóðhest, hryssu og folald sem voru auðvitað öll stórættuð, mikils metin kynbótahross.

Við fengum léttar veitingar á báðum stöðum og enduðum á að fá okkur Pizzu á Hvolsvelli sem var mjög góð. Eftir það voru allir keyrðir heim, saddir og sælir. Svona ferðalög ýta bæði foreldrum og börnum saman og eru bráðskemmtileg.

Við þökkum fyrir hlýjar móttökur allstaðar sem komið var við og þolinmæði bílstjórans.



## **Samantekt**

Þetta ár hefur verið allskonar ef svo má segja, það var hugsað stórt í byrjun árs og mikil vinna lögð í áætlanagerð sem að mörgu leiti féll um sjálft sig vegna veðurs og svo faraldursins sem herjar á heimsbyggðina.

En okkur tókst þó að halda öflugu námskeiðahaldi fyrir ungt fólk á öllum stigum reiðmennsku og fengum frábæra kennara með okkur. Það var dýrmætt að geta notað útisvæðin okkar á Flúðum og í Hrisholti og það sýnir hvað er eflandi fyrir starfið að hafa fjölbreytta aðstöðu og góða kennara en við erum afar rík af þeim.

Þess má geta að Æskulýðsnefndin ákvað að gera sér glaðan dag í sumar og fór í reiðtúr ásamt mökum inn í Brúarárskörð fyrir ofan Úthlíð í Biskupstungum og fékk sér vel að eta og drekka á veitingastaðnum Réttinni og þökkum við staðarhöldurum vel fyrir frábæra þjónustu og mat.

Börn voru virk hver í sínu horni í sumar og vetur, Hestamannafélagið Logi tók til dæms þátt í 17. Júní hátíðarhöldum í Reykholti. Þrjú börn fóru fyrir skrudgöngu klædd félagsbúningum og þóttu setja fallegan svip á hátíðarhöldin sem voru með breyttu sniði.

Við viljum þakka öllum þeim sem hafa styrkt félagsstarfið og krakkanna okkar síðastliðið ár, margar hendur vinna létt verk!

Eigendum mynda sem eru notaðar í skýrslunni er þakkað kærlega fyrir lánið.



**Æskulýðsnefnd Loga og Smára**